# 666 Að kveðja heim




5. Þá hrörnar sjónin, heyrn og mál,
mig heyra lát það innst í sál
af vinarvörum þínum
hve himnaríkið indælt er
og að þú hafir búið mér
þar vist og vinum mínum.

6. Ó, Drottinn, nær sem dauðans hönd
frá dufti mínu skilur önd,
mig lykja láttu hvörmum
sem barn við móðurbrjóst og fá
þann blund er værstan hljóta má
í þínum ástarörmum.

**T** Nikolaj F.S. Grundtvig 1843, 1845 – Helgi Hálfdánarson – Sb. 1886
**L** Þýskt lag um 1504 – Nürnberg 1534 – Sb. 1589
**R** Sálmasöngsbók til kirkju- og heimasöngs 1936

Ný sálmasöngsbók © Skálholtsútgáfan, 2023